



Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Ákvörðun um fjármögnun kaupa á brons skúlptúrnum Íslandsvarða eftir Jóhann Eyfells

Á fundi menningar- og ferðamálaráðs þ. 12. mars sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga safnstjóra Listasafns Reykjavíkur:

Lagt er til að Reykjavíkurborg kaupi brons skúlptúrin Íslandsvarða eftir Jóhann Eyfells sem stendur við Sæbraut. Kaupverð verksins er 27,5 milljónir króna.

Tillögunni fylgdi greinargerð. Tillagan var samþykkt sbr. 5. lið fundargerðar með fimm atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Vinstri grænna gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að í stað þess að kaupa verkið verði öðrum listamönnum gefið færi á að sýna verk sín á þessum fjölfarna og eftirsóttu stað þar sem Íslandsvarðan stendur nú.sbr. 5. gr. fundargerðar og er hér með vísað til borgarráðs til ákvörðunar um fjármögnun.

f.h. menningar- og ferðamálaráðs

Inga María Leifsdóttir
verkefnastjóri
skrifstofa Menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Tillaga að kaupum á brons skúlptúrnum Íslandsvarða eftir Jóhann Eyfells ásamt greinargerð.
Samningur um kaup á listaverkinu Íslandsvarða.

Reykjavík, 12. mars 2018

Tillaga:

Lagt er til að Reykjavíkurborg kaupi brons skúlptúrin *Íslandsvarða* eftir Jóhann Eyfells sem stendur við Sæbraut. Kaupverð verksins er 27,5 milljónir króna.

Greinargerð:

Listaverkinu var komið fyrir við Sæbrautina í kjölfar lánssamnings sem gerður var við listamanninn 8. september 2010. Borgarráð samþykkti tillögu Listasafns Reykjavíkur þess efnis í nóvember 2009 og rann samningurinn út í september á síðasta ári.

Íslandsvarða (2006) eftir Jóhann Eyfells er eitt af kennileitum borgarinnar en verkinu var komið fyrir við Sæbraut í kjölfar þess að Ingólfur Eyfells bauð borginni að sýna brons skúlptúr efir föður síns Jóhanns Eyfells í opinberu rými í Reykjavík án endurgjalds. Verkið er metnaðarfullt verk og mikilvægt í ferli Jóhanns.

Samið var um lán á verkinu til sjö ára og nú að þeim tíma liðnum er það mat safnstjóra Listasafns Reykjavíkur að verkið hafi tvímælaust gildi sem vandað og gott listaverk í opinberu rými borgarinnar og að það hafi unnið sér sess á meðal borgarbúa. Því er mælt með að verkið verði keypt af listamanninum. Þannig megi tryggja sess þess til framtíðar í borgarlandinu.

Um listamanninn: Jóhann Eyfells (f. 1923) stundaði nám í Bandaríkjunum í byggingarlist, skúlptúr, málalalist og keramik á árunum 1945-53. Fram til ársins 1969 starfaði hann sem teiknari, hönnuður, arkitekt, listamaður og kennari ýmist í Bandaríkjunum eða á Íslandi. Frá 1969 til 1999 var hann prófessor í höggmyndalist við University of Central Florida. Jóhann var fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum árið 1993 ásamt Hrein Friðfinnssyni. Verk hans hafa verið sýnd á fjölda sýninga í Bandaríkjunum og á Íslandi.

Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur

Listasafn Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, sem kaupandi og Jóhann K Eyfells, kt. 210623-4509, sem seljandi gera með sér eftirfarandi:

Samningur um kaup á listaverkinu *Íslandsvarða*

Samningsskilmálar kaupanna eru eftirfarandi:

1. Seljandi selur og afsalar til kaupanda, Reykjavíkurborg, listaverk sitt Varða #7 sem nú er nefnt *Íslandsvarða* (hér eftir listaverkið) og stendur við Sæbraut.
2. Kaupandi skal greiða til seljanda eingreiðslu að fjárhæð 27.500.000,- (tuttuguogsjömilljónfimmhundruðþúsundkróna) fyrir listaverkið. Kaupverð skal í síðasta lagi greitt þann 15. apríl 2018. Um er að ræða fullnaðargreiðslu og kemur ekki til frekari greiðslna vegna verksins og notkunar þess af hálfu kaupanda.
3. Kaupandi hefur haft listaverkið að láni frá seljanda frá árinu 2010 er borgarráð samþykkti lánsamning þess efnis. Á samningstímanum hefur Listasafn Reykjavíkur hafa eftirlit og umsjón með listaverkinu í samræmi við það hlutverk safnsins að sjá um útilistaverk í umsjón Reykjavíkurborgar. Kaupandi þekkir ástand verksins og sættir sig við það að öllu leyti.
4. Kaupanda er heimil öll notkun og sýning á listaverkinu með hvaða hætti sem er, t.d. í sýningarskrám, bæklingum, póstkortum og auglýsingum í fjölmiðlum, að teknu tilliti til réttinda seljanda skv. 4. gr. höfundalaga nr. 73/1972.
5. Greiðsla skv. samningi þessum felur í sér fullnaðargreiðslu fyrir öll réttindi seljanda og seljandi samþykkir jafnframt að ekki komi til frekari greiðsla fyrir höfundar- og /eða sýningarréttta af þeim sökum.
6. Með undirritun á kaupsamning lýsir seljandi því yfir að kaupandi, Reykjavíkurborg, er löglegur og réttur eigandi listaverksins *Íslandsvörðu* sem stendur við Sæbraut.
7. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
8. Samkomulag þetta er gert í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki Borgarráðs. Samþykki Borgarráð ekki kaupin er samningur þessi óskuldbindandi án bótaábyrgðar seljanda eða Listasafns Reykjavíkur.

Til staðfestingar öllu ofangreindu rita fyrirvarsmenn aðila nöfn sín hér undir í viðurvist þar til kvaddra vitundarvotta.

Reykjavík, 2018

f.h. Reykjavíkurborgar,

f.h. Jóhanns Eyfells,

Vottar að rétti dagsetningu og undirritunum:

Vitundarvottur kennitala

Vitundarvottur kennitala